

25. mars 2022

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.).

BHM fagnar því að tekið hafi verið tillit til athugasemda heildarsamtaka launafólks í umsögnum um málið á 151. löggjafarþingi og telur breytingarnar til bóta. Afstaða bandalagsins gagnvart þeim þætti frumvarpsins sem snýr að lögfestingu tilgreindrar séreignar er eftir sem áður óbreytt. Telur bandalagið ótækt að ráðist sé í breytingu á lífeyriskerfinu á grundvelli samninga og samráðs milli ASÍ og SA eingöngu. Bandalagið leggur til aðra hvora af eftirfarandi málamiðlunartillögum hvað varðar tilgreinda séreign:

1. **Sjóðir geti ráðstafað í frjálsa séreign í stað tilgreindrar séreignar:** BHM telur séreignarþátt lífeyriskerfisins mikilvæga stoð sem skapi nauðsynlegt valfrelsi og sveigjanleika við töku lífeyris. Sé ríkur vilji hjá umsagnaraðilum fyrir því að lögfesta tilgreinda séreign er lagt til lífeyrissjóðir sem standa utan samningssviðs ASÍ og SA fái heimild í frumvarpinu til að ráðstafa 3,5% iðgjaldi í frjálsa séreign í stað tilgreindrar séreignar. Vísar til sjónarmiða í meginmáli hvað varðar flækjustig séreignarþáttarins.
2. **Málinu sé frestað og það fært á svið heildarendurskoðunar:** Í nýgerðum stjórnarsáttmála má finna fyrirheit um samráð og samvinnu við breytingar á lífeyriskerfinu:

„Við ætlum að renna styrkari stoðum undir lífeyriskerfið og stuðla að aukinni hagkvæmni...Lögfest verður 15,5% skylduiðgjald til lífeyrissjóðs og útfærslan unnin að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins...Grænbók um lífeyrismál verður unnin í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóði á fyrri hluta kjörtímabilsins í því skyni að skapa grundvöll fyrir umræðu, stefnumörkun og ákvarðanir um lífeyriskerfið og framtíðarþróun þess með heildstæðum hætti“

Í tillögunni felst að lögfestingu tilgreindrar séreignar verði slegið á frest og samtalinu haldið áfram í tengslum við boðaða heildarendurskoðun og gerð grænbókar. Óheppilegt er enda að ráðast í umfangsmiklar breytingar á kerfinu áður en samtalið um heildarendurskoðun hefst.

Andstaða í öll skiptin sem frumvarpið hefur verið lagt fram

BHM bendir á að það frumvarp sem hér er til umsagnar er að birtast í þriðja skipti í samráðsgáttinni. Er það til marks um þá andstöðu og óeiningu sem ríkt hefur um efni frumvarpsins en ítrekað hafa verið gerðar athugasemdir í umsögnum helstu hagaðila við skort á nauðsynlegu samráði. Sagt hefur verið óheppilegt að settar séu fram lagabreytingar á grundvelli samninga og samráðs milli ASÍ og SA eingöngu og sumir hafa gengið svo langt að segja þessa atburðarás stríða gegn frjálsum samningsrétti. Hafa ber í huga að ASÍ og SA fara fyrir lífeyrissjóðum sem standa undir minna en helmingi af eignum og árlegum iðgjöldum lífeyrissjóða á Íslandi. Ólíklegt er að þessi afstaða mildist í bráð.

Tilgreind séreign - til hvers er verið að auka flækjustigið?

Lögfesting tilgreindrar séreignar hefur í för með sér aukið flækjustig og aukinn umsýslukostnað fyrir sjóði landsins. Að sama skapi verður sífellt erfiðara fyrir sjóðina að miðla upplýsingum til nýrra sjóðsfélaga en í nýlegri úttekt ráðgjafafyrirtækisins Mercer fékk Ísland minna en 5 í einkunn (á skalanum 1-10) þegar kemur að upplýsingagjöf til nýrra sjóðsfélaga. Nær ógerlegt er orðið að miðla upplýsingum um fórnarskiptin milli samtryggingar og séreignar að gefnu því

flækjustigi sem nú einkennir kerfið. Að mati bandalagsins er allskostar óljóst af hverju stjórnvöld hafa lagt til aukið flækjustig frá því sem nú er með innleiðslu tilgreindrar séreignar í stað þess að beina hækkun móttframlagsins í aðra þætti s.s. frjálsa séreign. Oft er vísað til útgreiðsluskilmála í þeim efnum þ.e. að tilgreind séreign sé ætluð til framfærslu á árunum 62-67 ára og því sé ekki æskilegt að hún sé laus til útborgunar við 60 ára aldur eins og gildir um frjálsa séreign. BHM telur þau rök veik og ekki réttlæta aukið flækjustig.

Flækjustigið: Hvernig á að miðla upplýsingum?

Sá sem velur að greiða hluta lífeyrisiðgjalds í séreign tekur ákvörðun um að lækka réttindi sem ávinnast með því að greiða fullt iðgjald í samtryggingarsjóð. Að sama skapi þarf einstaklingur að meta hvernig hagkvæmast sé að skipta séreignarhlutanum. Hluti vinnumarkaðar getur t.a.m. valið milli frjálsrar séreignar, bundinnar séreignar og nú tilgreindrar séreignar. Þeir sem velja viðbótarlífeyrissparnað þurfa þá að meta virði framtíðartekna á móti tekjumissi í nútíð.

Tafla 1. Hvernig á að haga ráðstöfun iðgjaldsins? Dæmi um nokkur álitamál.

Einkenni			Að hverju þarf að huga?		
Ráðstöfun	Útgreiðsla	Erfanleiki			
Samtrygging	Frá starfslokum til æviloka eða í tilfalli heilsuleysis	Nei	Vil ég tryggja aðra?	Mun ég verða fyrir heilsuleysi snemma á ævinni eða slysi?	Verð ég langlíf/ur?
Séreign	Bundin séreign	60-85 ára	Skiptir erfanleiki mig máli?	Verð ég langlíf/ur?	
	Frjáls séreign	60 ára		Vil ég meiri ráðstöfunartekjur á sjötugsaldri en á öðrum tímabilum?	
	Tilgreind séreign	62 ára – 67 ára		Vil ég fórna neyslu í nútíð fyrir neyslu í framtíð?	
	Viðbótarsparnaður	60 ára			

Heimild: Frjálsi lífeyrissjóðurinn ofl

Aðrir þættir frumvarpsins

Í frumvarpinu er sett fram sú breyting að lífeyrisgreiðslur verði verðtryggðar árlega í stað mánaðarlega og sagt að breytingin sé liður í að minnka frávik við endurreikning bóta úr almannatryggingakerfinu til lífeyrisþega. Telur bandalagið þá skýringu ekki fullnægjandi og leggst gegn þessari breytingu.

Rangar ákvarðanir geta reynst dýrkeyptar

BHM hvetur stjórnvöld til að huga að umbótum í samráðsferli framtíðar en áframhaldandi samráðsleysi gæti orðið þjóðfélaginu dýrkeypt. Íslenska lífeyrisskerfið var það þriðja stærsta innan OECD árið 2020 en þá voru lífeyriseignirnar rúmlega tvöföld landsframleiðsla. Kerfið stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum á næstu áratugum m.a. vegna síaukins flækjustigs, breyttrar aldursamsetningar þjóðarinnar, hækkunar lífeyristökualdurs, stærðar á innanlandsmarkaði o.m.fl. Mikilvægt er að breiðari sátt ríki um framtíð kerfisins og stefnu en rangar ákvarðanir á þessu sviði, án samráðs við hagaðila munu hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir hag almennings til frambúðar.

Fyrir hönd BHM



Vilhjálmur Hilmarsson
Hagfræðingur BHM



Friðrik Jónsson
Formaður BHM